



Reykjavík 5. janúar 2012

Nefndasvið Alþingis
Varðar: Þskj. 65 – mál 65

Umsögn frá Íslandsstofu

Íslandsstofa fagnar tillögu til þingsályktunar um Þríhnjúkagíg og tekur undir mikilvægi þess að hefja undirbúning að því að leggja veg að gígnum og göng inni hann.

Mikilvægasta verkefni ferðaþjónustunnar hér á landi er að auka arðsemi atvinnugreinarinnar og verður það best gert með því að lengja ferðamannatímabilið og fjölga erlendum gestum sem heimsækja landið utan sumarmánaðanna. Til þess þarf að stunda markvisst kynningar- og markaðsstarf, sem leggur áherslu á Ísland sem áfangastað utan háannar, eins og nú er gert í markaðsverkefninu „Ísland allt árið“, en um leið þarf að hyggja að markvissri uppbyggingu áfangastaða og öflugri vörubrún. Þríhnjúkagígur yrði einn þessarar stórkostlegu áfangastaða sem allir erlendir gestir myndu vilja sækja heim og um leið yrði gígurinn aðgengilegur ferðamönnum allt árið eins og t.d. Bláa Lónið.

Samkvæmt nýlegum Ferðaþjónustureikningum Hagstofunnar færir hver erlendur gestur um 230.000 krónur í erlendum gjaldeyri inn í hagkerfið. Takist á næstu 6-8 árum að fjölga erlendum ferðamönnum um 440.000, þannig að þeir verði um ein milljón samtals, munu gjaldeyristekjur þjóðarinnar hafa aukist um 100 milljarða króna og á sama tíma mun störfum í ferðaþjónustunni hafa fjölgað um 5-6000.

Það er því til mikils að vinna að vel takist til um jákvæða þróun ferðaþjónustu hér á landi og mikilvægt að hið opinbera, fyrirtækin og hagsmunaaðilar vinni saman að því marki.

Með vinsemd og virðingu

Jón Ásbergsson
framkvæmdastjóri